

Fundargerð 837. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2016, föstudaginn 18. mars kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Gunnar Axel Axelsson, Ólafur Guðmundur Adolffson í forföllum Jónínu Ernu Arnardóttur, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Gunnar Einarsson, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnlaugur Stefánsson í forföllum Gunnhildar Ingvarsdóttur og Ísólfrur Gylfi Pálmason. Skúli Helgason boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir að hluta og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Pá sátu fundinn að hluta Benedikt Þór Valsson, hagfræðingur á kjarasviði sambandsins, og Lúðvík E. Gústafsson, verkefnisstjóri úrgangsmála hjá sambandinu.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 836. fundar - 1511020SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 836. fundar frá 26. febrúar 2016.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1511036SA

Lögð fram fundargerð 23. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 11. mars 2016. Framkvæmdastjóri og verkefnisstjóri úrgangsmála hjá sambandinu gerðu nánari grein fyrir verkefninu og nefndu sérstaklega 1. tölulið fundargerðarinnar um samkomulag um loftslagsmál og 2. tölulið um frumvarpsvinnu vegna haf- og strandsvæða. Að tillögu skipulagsmálanefndar var eftirfarandi samþykkt um haf- og strandsvæði gerð samhljóða:

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur um langt skeið kallað eftir því að sett verði löggjöf um strandsvæðaskipulag, en þó ávallt á þeim forsendum að sveitarfélögin hefðu mikil áhrif og jafnvel forræði á verkefninu. Tillögur um málsmeðferð strandsvæðaskipulags í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum eru í miklu ósamræmi við þá sanngjörnu kröfu sveitarfélaganna að jafnræði verði tryggt milli ríkis og sveitarfélaga við gerð strandsvæðaskipulags. Fulltrúar fjögurra ráðuneyta hafa þannig hver um sig neitunarvald, en ekkert er fjallað um hvernig bregðast skuli við athugasemdum þeirra sveitarstjórna sem málið varðar. Þetta er með öllu óásættanlegt og leggur stjórn sambandsins áherslu á nauðsyn þess að í frumvarpinu verði fjallað sérstaklega um stöðu gildandi aðalskipulagsáætlana sveitarfélaga gagnvart strandsvæðaskipulagi. Jafnframt hvetur stjórnin til þess að fulltrúar sambandsins fundi sem fyrst með umhverfis- og auðlindaráðherra til að ræða mögulega málamiðlun, sem tryggir hagsmuni sveitarfélaga.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga áréttar að frumvarpið verði ekki sent í kynningarferli fyrr en ásættanleg lausn hefur verið fundin.

3. Kjaramálanefnd sambandsins - 1202010SA

Lögð fram fundargerð 19. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 8. mars 2016. Sviðsstjóri og hagfræðingur á kjarasviði sambandsins gerðu grein fyrir stöðu kjaraviðræðna og kynntu hugmyndir um lausn á viðræðum við BHM. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Stjórn sambandsins leggur áherslu á, að launabreytingar sem SNS semur um séu í samræmi við sett markmið um launaþróun á vinnumarkaði og styðji við markmið um kaupmáttaraukningu og lága verðbólgu í samræmi við SALEK-samkomulagið svokallaða.

4. Kjarasamningar 2015-2019 - 1409043SA

Lagður fram til staðfestingar samningur milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, dags. 16. mars 2016, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Stjórn sambandsins samþykkir fyrir sitt leyti samkomulag SNS við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna frá 16. mars 2016.

5. Starfshópur um stefnumótun í úrgangsmálum - 1511114SA

Lögð fram drög að lokaskýrslu starfshóps sambandsins um stefnumótun í úrgangsmálum. Verkefnisstjóri sambandsins um úrgangsmál gerði nánari grein fyrir skýrslunni.

Samþykkt var að senda tillögu að stefnu í úrgangsmálum til sveitarfélaga og sorsamlaga þeirra til kynningar og umsagnar. Umagnarfrestur verði til apríl-loka og stefnt að því að afgreiða stefnumörkunina á fundi stjórnar í maí.

6. Ljósleiðarauppbygging sveitarfélaga - 1512043SA

Tekin upp að nýju ályktun frá Fljótsdalshéraði, Djúpavogshreppi, Borgarfjarðarhreppi, Seyðisfjarðarkaupstaði, Fjarðarbyggð, Breiðdalshreppi og Vopnafjarðarhreppi, vegna tillagna starfshóps um Ísland ljóstengt, ásamt skýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar um ljósleiðarauppbyggingu sveitarfélaga 2015, sem áður var á dagskrá stjórnar sambandsins 26. febrúar 2016, en þá var uppfjöllun um málið frestað til næsta stjórnarfundar. Einnig lagðir fram skilmálar styrkúthlutunar til uppbyggingar ljósleiðarakerfa í dreifbýli og umsóknareyðublað.

Framkvæmdastjóra sambandsins falið að gera athugasemdir við mjög skamman umsóknarfrest sem sveitarfélögum er gefinn til þess að sækja um framlag til Fjarskiptasjóðs vegna ljósleiðaravæðingar á árinu 2016 og óska eftir framlengingu á þeim fresti.

7. Útkomuspá 2015 - 0901037SA

Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins gerði grein fyrir útkomuspá sveitarfélaga 2015. Í umræðum kom fram að það væri mjög til bóta að niðurstöður úr ársuppgjörum sveitarfélaganna séu aðgengilegar fyrr á árinu en nú er.

8. Frumvarp til laga um almennar íbúðir - 1512052SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 15. mars 2016, um áhrif af innleiðingu stofnframlaga á fjárhag sveitarfélaga, ásamt fylgiskjölum.

Einnig lögð fram ályktun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 16. febrúar 2016, um frumvarp til laga um almennar íbúðir.

Samþykkt var að vísa efni erindis SSH til umfjöllunar á XXX. landsþingi sambandsins 8. apríl nk., en þar verða húsnæðismál annað meginumfjöllunarefni þingsins. Jafnframt samþykkt að senda SSH minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs til upplýsingar.

9. Samantekt um námskeið sambandsins eftir sveitarstjórnarkosningar 2014 - 1307022SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 14. mars 2016, um samantekt um námskeið sambandsins eftir sveitarstjórnarkosningar 2014.

10. Fyrirkomulag tónlistarnáms á framhaldsskólastigi - 1506224SA

Framkvæmdastjóri sambandsins gerði grein fyrir stöðu viðræðna við mennta- og menningarmálaráðuneytið um fyrirkomulag tónlistarnáms á framhaldsskólastigi.

11. Tilnefning annars fulltrúa í nefnd um hættumatsviðmið vegna eldgosa - 1601051SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 2. mars 2016, þar sem Kristín Hermannsdóttir, veðurfræðingur og starfsmaður Náttúrustofu Suðurlands á Hornafirði, er tilnefnd í nefnd um hættumatsviðmið vegna eldgosa. Sambandið hefur nú þegar tilnefnt Lúðvík E. Gústafsson, sérfræðing á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, í nefndina með bréfi, dags. 21. janúar 2016.

12. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um notkun gúmmíkurls á leik- og íþróttavöllum - 1602049SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 19. febrúar 2016, um tillögu til þingsályktunar um notkun gúmmíkurls úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum, 328. mál.

13. Umsögn um breytingar á reglugerð nr. 1054/2010 - 1602008SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 24. febrúar 2016, um breytingar á reglugerð nr. 1054/2010.

14. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum - 1602056SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 24. febrúar 2016, um breytingu á upplýsingalögum (kaup á vörum og þjónustu), 19. mál.

15. Umsögn um reglugerð um stofnun og starf fagráða Menntamálastofnunar - 1602040SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningar-

málaráðuneytisins, dags. 24. febrúar 2016, um reglugerð um stofnun og starf fagráða Menntamálastofnunar, nr. 91/2015.

16. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla - 1602059SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 29. febrúar 2016, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 (sjálfstætt reknir grunnskólar).

Samþykkt var að taka málið til umfjöllunar að nýju á fundi stjórnar í apríl nk.

17. Frumvarp til laga um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni - 1502040SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 3. mars 2016, um frumvarp til laga um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni.

18. Umsögn um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni - 1602061SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytisins, dags. 4. mars 2016, um breytingar á lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og nr. 74/2012 um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni 2016-2019).

19. Umsögn um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga - skilyrði fjárhagsaðstoðar - 1603019SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 7. mars 2016, um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, 458. mál.

20. Umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög - fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn - 1602050SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngu- nefndar Alþingis, dags. 9. mars 2016, um frumvarp um breytingu á sveitarstjórnarlögum (fjöldi borgarfulltrúa), 296. mál.

21. Umsögn um drög að reglugerð um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum - 1603027SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 14. mars 2016, um drög að reglugerð um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum.

Fundi var slitið kl. 14:25.

Halldór Halldórsson

Eiríkur Björn Björgvinsson

Gunnar Axel Axelsson

Ólafur Guðmundur Adolfsson

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Gunnar Einarsson

Sigurður Björn Blöndal

Aldís Hafsteinsdóttir

Gunnlaugur Stefánsson

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari